



Salvör Nordal  
umboðsmaður barna  
Kalkofnsvegi 2  
101 Reykjavík

Dagsetning 9. október 2024  
Málsnúmer MRN24050107

## Svar við erindi um námsúrræði Klettabæjar

Vísað er til erindis umboðsmanns barna dags. 15. maí 2024 og ítrekun á erindi dags. 24. september 2024, þar sem óskað er eftir upplýsingum um fyrirkomulag samkomulags við Klettabæ ehf. um þjónustuúrræði fyrir nemendur á framhaldsskólaaldri með fjölþættan vanda.

Ráðuneytið vill árétta að ástæða þess að gert var samkomulag við Klettabæ ehf. fyrir vorönn 2023 var sú, að talsverð aukning var í beiðnum um mjög sértæk þjónustuúrræði vegna fjölþætts vanda nemenda í innritun fyrir haustönn 2022. Sértækt úrræði sem slíkt er í boði í Tækniskólanum og rúmar 9 nemendur, en beiðni barst um þjónustu fyrir mun fleiri. Því var ljóst að gera þurfti ráðstafanir með skjótum hætti til að uppfylla skyldur 32. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, um rétt nemenda til náms og skyldu yfirvalda til að veita skólavist til 18 ára aldurs.

Þar sem slík sértæk úrræði kalla á afar sérhæft húsnæði og sérþekkingu starfsfólks var ljóst að ekki myndi vera hægt að bregðast nægilega hratt við og opna nýtt úrræði í framhaldsskóla. Því var leitað til Klettabæjar ehf. sem býður upp á þjónustuúrræði fyrir ungmenni á framhaldsskólaaldri með fjölþættan vanda.

Með hliðsjón af því að Klettabær ehf. er einkahlutafélag og úrræði þeirra ekki með viðurkenningu sem framhaldsskóli, var ákveðið að tengja tiltekinn framhaldsskóla sem faglegan bakhjarl við Klettabæ og fékk ráðuneytið Framhaldsskólann í Garðabæ (FG) til að taka það verkefni að sér. Um var að ræða frumgreiningu á þjónustuþörf nemenda ásamt könnun á aðstæðum og þjónustu Klettabæjar. Einnig var markmiðið að FG byði upp á ráðgjöf og samskipti um einstöku nemendur og þjónustu við þá. Fór það samtal og samráð fram undir lok árs 2022 og var það mat sérfræðings FG að faglega mætti vel við una. Þjónusta við nemendur hófst formlega í janúar 2023 og spannar frá kl. 8:30-14 virka daga þó mismunandi sé hve margar klukkustundir hver nemandi nýtur hvern dag, allt eftir þeirra getu og þörf.

- Á vorönn 2023 nutu sjö nemendur þjónustu á tímabilinu janúar til maí.
- Á haustönn 2023 nutu 10 nemendur þjónustu á tímabilinu ágúst til desember. Um sömu nemendur var að ræða og á vorönn 2023 auk þriggja til viðbótar.
- Á vorönn 2024 nutu 10 nemendur þjónustu á tímabilinu janúar til maí. Um sömu nemendur var að ræða og á haustönn 2023.
- Ekki liggur fyrir fjöldi nemenda á haustönn 2024.

Um náíð samtal hefur verið að ræða milli fulltrúa ráðuneytis, Miðstöðvar menntunar og skólalþjónustu og Klettabæjar ehf. um málefni einstöku nemenda þar sem þurft hefur til. Í því samtali hefur komið fram að nemendur njóta viðhlítandi þjónustu í Klettabæ og ekki er ástæða til að efast um fagmennsku í þeim störfum sem þar fara fram. Einnig hefur samtalið milli FG og Klettabæjar ehf. verið tekið eftir þörfum og er reynslan af því samtali jákvæð.

Vert er að taka fram að ráðuneytið hóf samstarf við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ um að stofna sértækt úrræði fyrir nemendur með fjölþættan vanda líkt og boðið er upp á í Tækniskólanum, til að mæta þeirri eftirspurn sem framhaldsskólar almennt hafa ekki getað sinnt en Klettabær ehf. hefur sinnt þess í stað. Úrræðið er ekki að fullu komið í starfsemi en eins og áður segir kalla slík úrræði á sérhæft húsnæði sem þarf að byggja upp og ráðningu starfsfólks með sérþekkingu á sviði fjölþætts vanda. Tveir nemendur með munu hefja skólavist þar á næstu dögum. Markmiðið er að alls muni skólinn geta boðið sjö nemendum upp á þjónustu af þessu tagi og því verði hægt að fækka nemendum til muna sem hafa notið þjónustu Klettabæjar ehf.

Markmið ráðuneytisins er að fleiri framhaldsskólar sérhæfi sig með slíkum hætti í framtíðinni og ráðuneytið þurfi ekki að leita til einkaaðila um að sinna lögbundnum skyldum framhaldsskóla.

F.h. ráðherra



Erna Kristín Blöndal

F.h. ráðherra



Anna Tryggvadóttir